

18. gr.

181

Vatnsæðar skulu þannig tengdar, að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinist. 11. des.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

19. gr.

Vatnsveitan getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er samþykkt þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá samþykktinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

20. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggí við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um vatnsveitu Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 191 5. okt. 1943, með breytingu nr. 175 9. ágúst 1950.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

182

um fasteignaskatt í Keflavík.

12. des.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Keflavíkur skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lög-sagnarumdæmi Keflavíkur eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

- | | |
|--|------|
| 1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum | 2% |
| 2. — húseignum og öðrum mannvirkjum | 1% |
| 3. — túnnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og löndum | 0.5% |

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 kr. greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

182

12. des.

Gjalddagi fasteignaskatts, samkv. reglugerð þessari er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinni 2. janúar 1959, og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera.

5. gr.

6. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkv. reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjar-sjóðs Keflavíkur aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtanahalds, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

8. gr.

Fasteignaskatt má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Keflavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 67 frá 1945, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

183

12. des.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Kópavogskaupstaðar.

1. gr.

Kópavogskaupstaður hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi bæjarráðs eða þess aðila, sem hún felur umsjón vatnsveitunnar og eftirlit með henni.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu. Bæjarstjórn hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir með bæjarreikningum ár hvert.